

Þinglausnir í dag:

Kröfu um að þing sitji áfram hafnað

LÚÐVÍK Jónsson, formaður þingflokks Alþýðubandalagsins, kvaddi sér hljóða utan dagskrár á fundi Sam-einaðs Alþingis í gær og gerði að umtalsefni yfirstandandi kjaradeilu og að þinglausnir færu fram í dag, miðvikudag. Sagði þingmaðurinn að þingflokkur Alþýðubandalagsins teldi rangt að slíta þinginu nú og senda þingmenn heim meðan svo alvarlega horfði með samkomulag um kaup og kjör á vinnu-markaðnum. Undir þessa skoðun Lúðvíks tóku þeir Benedikt Gröndal (A) og Karvel Pálmason (Sf.).

Forsætisráðherra, Geir Hallgrímsson, sagði að hann hefði fyrir um einum mánuði rætt um það við formenn stjórnarandstöðunnar að þinglausnir færu fram um mánaðamótin apríl — maí og þá hefðu þeir ekki hreyft neinum andmælum. Geir sagði að í sínum huga væri þessi beiðni um frestun þinglausna of seint fram komin og jafnframt lægi það fyrir að settir hefðu verið á stofn starfshópar ríkisstjórnarinnar og aðila vinnu-markaðarins til að fjalla um einstaka þætti. Ráðherrann lagði áherslu á að samningar um kaup og kjör ættu að fara fram á milli aðila vinnu-markaðarins og það hefði verið skoðun ákveðinna þingflokka og þar á meðal alþýðubandalagsmanna, að aðilar vinnu-markaðarins ættu að semja um sín mál.

Þing sitji áfram vegna kjaradeilna

Lúðvík Jónsson (Abl.) hóf eins og áður sagði umræðurnar og sagði að fyrir nokkru hefði forsætisráðherra tilkynnt að fyrirhugað væri að ljúka þingstörfum um mánaðamótin apríl — maí og síðar hefði því verið lýst yfir að þinglausnir ættu að fara fram á morgun, miðvikudag. Sagði Lúðvík að ekki hefði verið leitað eftir samkomulagi við stjórnarandstöðuna um þennan hátt og lagði hann áherslu á að þinglausnir á morgun væru algjörlega á ábyrgð stjórnarflokka.

— Þau viðhorf, sem komið hafa upp í kjarasamningunum, að alllangt virðist í samninga gerir það að við alþýðubandalagsmenn teljum rétt að Alþingi sitji áfram og fjalli um þá þætti efnahagsmálanna, sem gætu auðveldað lausn kjaradeilunnar, sagði Lúðvík. Taldi Lúðvík að hægt væri að fresta þingfundum ef menn vildu frekar hafa þann hátt á. Sagði Lúðvík að fjármálaráðherra hefði þegar gefið yfirlýðingu um að komið gæti til þess að gefin yrðu út bráðabirgðalög en jafnframt væri mikið í húfi að reyna að forða því að til verkfalla kæmi.

Þingmaðurinn sagði að ljóst væri að aðalkrafa Alþýðusambandsins um 100 þúsund króna lágmarkslaun hefði ekki aðeins stuðning stjórnarandstöðunnar á Alþingi heldur hefði Ólafur Jóhannesson, formaður Framsóknarflokksins, lýst því yfir við útvarpsumræður að hann styddi þessa kröfu ASÍ og ekki væri annað séð en hann hefði þar talað fyrir flokk sinn. Það væri því meirihluti á Alþingi fyrir þessari lágmarkskröfu ASÍ.

Að lokum ítrekaði Lúðvík óskir sínar um að þinginu yrði ekki slitið jafnframt því sem hann óskaði eftir því að forsætisráðherra gerði grein fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar til fyrrnefndrar lágmarkskröfu ASÍ. Einnig spurðist Lúðvík fyrir um ferð forsætisráðherra á efnahagsmálafund í Englandi fyrir

skemmtu og spurði hvort hann hefði gert ríkisstjórninni grein fyrir fundinum.

Ríkisstjórnin taki beinan þátt í samninga-umræðum

Benedikt Gröndal (A) sagði það skoðun Alþýðuflokksins að rétt væri að ríkisstjórnin tæki beinan þátt í samningaviðræðunum, s.s. um skattamál. Sagði Benedikt að stjórnarandstaðan hefði lofað að koma ekki í veg fyrir að þinglausnir færu fram á þeim tíma, sem þegar hefði verið ákveðið, en samt sem áður væri rangt að alþingismenn færu til síns heima, þegar stórfelld verkföll væru yfirvofandi. — Alþýðuflokkurinn telur að þingið eigi að sitja enn og gegna skyldum sínum við þjóðina, sagði Benedikt að lokum.

Karvel Pálmason (Sf.) sagði að rétt væri að síðast liðinn fimmtudag hefðu forsetar þingsins tilkynnt formönnum þingflokka að þinglausnir ættu að fara fram á morgun, miðvikudag. Þarna hefði verið komið á framfæri vilja ríkisstjórnarinnar, og það hefði ekki verið venja að stjórnarandstaðan setti sig upp á móti þinglausnum, en ekki hefði verið óskað eftir formlegri staðfestingu hennar á því að hún samþykkti þinglausnirnar. Nú hefði verkafélagsshreyfingin óskað eftir því að gerðar yrðu ákveðnar ráðstafanir til að auðvelda gerð kjarasamninga og um þessar óskir hefði Alþingi ekki fjallað. Þá væri ljóst að lágmarkskrafa ASÍ um 110 til 111 þúsund króna lágmarkslaun hefði stuðning meirihluta þingmanna, bæði væri að Ólafur Jóhannesson hefði lýst fylgi sínu við hana og Sverrir Hermannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefði í útvarps-umræðum talið að atvinnurekendur ættu að fallast á þessa lágmarkskröfu. Spyryja mætti hvort ríkisstjórnin væri hrædd við að þessi meirihluti kæmi fram. Sagði Karvel það skoðun sína að óeðlilegt væri með tilliti til þessa að senda Alþingi heim strax.


Aðilar vinnu-markaðarins semji

Geir Hallgrímsson forsætisráðherra sagði eins og getið var hér að framan að hann hefði rætt við formenn stjórnarandstöðunnar um þinglausnir fyrir um mánuði og þá hefðu þeir ekki hreyft neinum mótmælum heldur hefðu þeir talið þetta fullkomlega eðlilegt. Geir sagði að í sínum huga væri þessi ósk um frestun þinglausna of seint fram komin og það að ljúka þingstörfum nú væri ekki frábrugðið því, sem verið hefði oft áður.

Forsætisráðherra sagði að aðilar vinnu-markaðarins hefðu óskað eftir viðræðum við ríkisvaldið um einstaka þætti og hefðu verið skipaðir starfshópar til að fjalla um skattamál, mál-efni lífeyrissjóða og vinnuverndarmál. Starf þessara starfshópa væri í sumum tilvikum komið nokkuð langt en aðrir væru skemmra á veg komnir og ekki væri ljóst hvaða niðurstöðu aðilar vinnu-markaðarins kæmu til með að fallast á. Sagðist forsætisráðherra ekki sjá ástæðu til að Alþingi sæti lengur að sinni. Ítrekaði forsætisráðherra að samningar um kaup og kjör á vinnu-markaðnum ættu að fara fram milli samtaka launafólks og atvinnurekenda — Ég veit ekki betur en þingflokkar og þá fyrst og fremst þingflokkar Alþýðubandalagsins hafi talið að kjarasamningar ættu að vera á milli aðila vinnu-markaðarins. Hitt er annað hvað ríkisstjórnin gerir til að auðvelda lausn kjaradeilna, sagði Geir.

Geir sagði að svar sitt við spurningu Lúðvíks um fund þann í Englandi, sem hann sótti nýlega væri á þá leið að hann hefði sótt slíka fundi áður sem borgarstjóri, alþingismaður og ráðherra og hann hefði ekki greint ríkisstjórninni frá fundinum enda sæktu þessa fundi menn með ólíkar pólitískar skoðanir og þarna væru fulltrúar launþega og atvinnurekenda og á þessum fundum væri ekki ein skoðun algild og einráð.

Umræður þessar utan dagskrár urðu nokkru lengri og auk umræðna um þinglausnir var rætt um samþykkt ríkisstjórnarinnar í framhaldi af samþykkt fundar Borgfirðinga í Höfðaborg sl. sunnudag, en frá samþykkt ríkisstjórnarinnar er sagt á öðrum stað í blaðinu í dag.



Klausturhólar:

Verk Ásgríms og Septem-málara á uppboði á morgun

Listmunauppboð Guðmundar Axelssonar, hefst það kl. 17:00 í Súlnasal Hótel Sögu. Að þessu sinni verða boðin upp morgun til uppboðs og myndverk, olíumálverk,

Þessi vatnslitamynd Ásgríms Jónssonar frá Reykjavík verður seld á uppboði Klausturhóla, sem verður á Hótel Sögu á fimmtudag.


vatnslitamyndir, pastel, blönduð tækni, svartkrít, túss og listvefnaður. Meðal mynda eru margar smámyndir eftir Emil Thoroddsen, en verk eftir hann hafa aldrei áður verið boðin upp, einnig eru myndir eftir Kjarval og mikið er af myndum eftir svonefnda September-sýningarmálara, Þorvald Skúlason, Valtý Pétursson, Kristján Davíðsson, Kjartan Guðjónsson og fleiri.

Af öðrum listamönnum, sem eiga myndir á uppboði Klausturhóla á morgun, má nefna Alfreð-Flóka, Hafstein Austmann, Veturlíða Gunnarsson, Eirík Smith, Braga Ásgeirsson, Hring Jóhannesson og einnig er þar ofið teppi eftir Ásgerði E. Búadóttur.

Myndirnar og verkin verða til sýnis í Súlnasalnum í dag, miðvikudag, kl. 10—15.



Ertu að byggja?



Það fyrsta, sem hver húsbyggjandi þarf að hafa í huga er að tryggja sér gott timbur.

Í meir en 70 ár höfum við verslað með timbur.

Sú mikla reynsla kemur nú viðskiptavinum okkar til góða. Við getum m.a. boðið:

Móta og byggingatimbur í uppsláttinn og sperrurnar. Smíðatimbur og þurrkað timbur í innréttingar. Réttþeflað timbur í skilrímin. Gagnvarið timbur í veggklæðningar, girðingar og gróðurhús. Viðarpiljur á veggina.

Einnig höfum við margar þykktir og gerðir af krossvið og spónaplötum, svo og harðtex, olíusóðið masonite, teak, oregonfuru eða cypress í útihurðir o.fl. Eik og teak til húsgagnasmíði. Efni í glugga og sólbeikki.

Onduline þakplötur á þökin.

Þá útvegum við límtrésbíta og ramma í ýmiss konar mannvirki.



Timburverzlunin Völundur hf.

KLAPPARSTÍG 1, SÍMI 18430 — SKEIFAN 19, SÍMI 85244

Dr. Páll Einarsson heldur fyrirlestur um jarðskjálfta

Dr. Páll Einarsson, jarðeðlisfræðingur hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, heldur í dag fyrirlestur, sem hann nefnir „Jarðskjálftasvæði og byggð á Íslandi“. Fyrirlesturinn verður í húsi verkfræðideildar, Hjarðarhaga 2—6, herbergi 157, og hefst klukkan 16. Í fyrirlestrinum mun dr. Páll fjalla um dreifingu jarðskjálfta með tilliti til byggðar, líklega hröðun og fleira. Öllum er heimill aðgangur.